

Mál nr. 307/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki (A)

**Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.**

**Gögn.**

1. Málskot dags. 14. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 10. október 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. nóvember 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. Nóvember 2024.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að fara með barn sitt á leikskóla 19. desember 2022 og þegar hann hafi verið að fara niður tröppur að byggingunni hafi hann runnið í hálku og lent illa á bakinu. Þá hafi verið mokað og sandað og samkvæmt lýsingu starfsfólks anni snjóbræðslukerfið í tröppunum ekki álaginu þegar snjói mikið heldur bræði það snjó næst steypunni og myndi þar klaka sem ekki sé sjáanlegur frá yfirborðinu. M hefur verið með verki í baki frá því slysið varð og átt erfitt með langar setur og gang. M byggir á því að aðstæður í tröppunum hafi verið hættulegar, ekki hafi verið búið að hálkuverja tröppurnar og því hafi M runnið og slasast. Tröppurnar hafi verið þekkt hættusvæði hjá leikskólanum og hafa verði í huga að foreldrar þurfi að fara með poka fullan af útifatnaði á mánudögum en þann dag hafi slysið orðið. Vísað er til 37. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að leikskólanum hafi borið að sjá til þess að fullnægjandi hálkuvarnir væru til staðar á slysdegi svo þeir sem áttu leið um tröppurnar stafaði ekki hætta af. Einnig er vísað til þess að tryggja eigi öryggi og vellíðan barna og starfsfólks skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og að í 5. kafla handbókar um öryggi og velferð barna í leikskólum komi fram að gæta þurfi að því að þrep séu ekki hál og að huga eigi að hálkuvörnum í kringum leikskóla og að áður en starfsemi hefst þurfi að vera búið að hálkuverja. Þetta hafi starfsfólk vanrækt að gera með þeim afleiðingum að M slasaðist. M mótmælir því að hann hafi mátt vænta hálku og að starfsfólki leikskólans hafi verið fyllilega ljós slysaþættan sem skapaðist. Þá hefði M mátt ganga út frá því að hálkuvarnir væru fullnægjandi á þeim tíma þegar hann átti þar leið um.

Í bréfi V kemur fram að það sé ekki þekkt vandamál að snjóbræðslukerfið anni ekki álaginu með þeim afleiðingum að það myndist klaki sem sé ekki sjáanlegur frá yfirborðinu heldur geti það gerst í einstaka tilvikum þegar snjóþungi er gríðarlegur að snjóbræðslukerfið hafi ekki undan. Því er hafnað að það séu unnt að byggja skaðabótaskyldu á því að á mánudögum séu foreldrar með poka fulla af útifatnaði og hendur þeirra oft bundnar. Það sé á ábyrgð hvers og eins að meta möguleika þess að ná öllu, það er barni og farangri þess, í einni ferð inn í leikskólann út frá aðstæðum hverju sinni. Að taka allt í einni ferð séu aukin áhætta sem sá ber sem tekur þá ákvörðun. Það var óvenjulega snjóþungt þennan morgun eins og komið hefur fram og augljóst að gæta þurfti sérstakar varúðar við gang. V telur að um eigið aðgæsluleysi M hafi verið að ræða sem hafi verið orsök slyssins

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í 5. kafla handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum kemur fram að mikilvægt sé að huga að hálkuvörnum í kringum leikskóla og að skýr verkaskipting þurfi að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Þá kemur fram að áður en starfsemi hefst í leikskóla þurfi að vera búið að hálkuverja. Það kemur fram í gögnum málsins að ekki hafi verið farið eftir þessum atriðum þegar M varð fyrir slysinu, þ.e. það var ekki búið að hálkuverja tröppurnar sérstaklega eins og tilefni var til. Með vísan til þess að A bar að sjá til þess að starfsmenn gættu að hálkuvörnum í kringum leikskólann ber A ábyrgð á slysi M en rétt þykir að M beri eigin sök að einum

þriðja hluta þar sem honum mátti vera ljóst að tröppurnar voru hálar enda vetraraðstæður og honum bar því að viðhafa almenna aðgæsluskyldu vegna þess.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V, en ber sjálfur einn þriðja (1/3) hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Reykjavík, 10. desember 2024.  
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir